

# VILJAYFIRLÝSING

um uppbyggingu við Reykholt í Þjórsárdal

Skeiða- og Gnúpverjahreppur

og

Rauðikambur ehf.

## Forsendur

Þann 3. september 2014 staðfesti sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps rammaskipulag um Þjórsárdal þar sem fram kemur stefnumörkun sveitarstjórnarinnar um áherslur á sviði ferðaþjónustu, útivistar og samgangna á svæðinu. Í kafla 3.3.7 í rammaskipulaginu er fjallað um Reykholt og þar kemur fram að æskilegt væri að þar yrði byggð upp heilsulind og gistaðstaða.

Þann 13. september 2016 gerðu aðilar með sér leigusamning til 20 ára um sundlaug Skeiða- og Gnúpverjahrepps við Reykholt í Þjórsárdal og lóð sem hún og mannvirki henni tengd standa á.

Vorið 2017 auglýsti sveitarfélagið eftir aðila til að byggja upp ferðaþjónustu á svæðinu við Reykholt í Þjórsárdal. Í auglýsingunni kemur fram að framkvæmdasvæðið geti numið allt að 5-7 hekturum og að gera megi ráð fyrir áhrifasvæði allt að 25 hekturum. Segir í auglýsingunni að meðal þess sem gæti samræmst hugmyndum rammaskipulagsins á svæðinu sé baðstaður sem opinn verði almenningi ásamt hóteli og veitingastað. Kemur fram að gerð verði krafa um að allar framkvæmdir verði aðlagðar náttúru og umhverfi. Bárust tvær umsóknir um landið.

Á fundi sveitarstjórnar þann 7. júní 2017 samþykkti sveitarstjórnin að ganga til samningaviðræðna við Rauðakamb ehf. Voru sett þau skilyrði af hálfu sveitarstjórnar að ítarleg rekstraráætlun um verkefnið liggi fyrir samhliða samningi. Auk þess setti sveitarstjórn skilyrði um að tryggt verði aðgengi almennings að þeirri þjónustu sem félagið hyggst bjóða á svæðinu og að þjónustan verði verðlögð með sanngjörnum hætti. Var oddvita og sveitarstjóra falið að vinna að samningagerð við félagið.

## **Yfirlýsing**

Framangreindir aðilar lýsa yfir vilja sínum að stuðla að því að Rauðikambur ehf. geti byggt upp og rekið baðsvæði, veitinga-, gisti- og ferðaþjónustu við Reykholt í Þjorsárdal. Lýsa aðilar yfir vilja sínum sig til að vinna sameiginlega að því að Rauðikambur ehf. geti hafið uppbyggingu á svæðinu sem fyrst.

Rauðikambur ehf. skuldbindur sig til að láta vinna forsögn að deiliskipulagi svæðisins þar sem í meginatriðum er gerð grein fyrir skipulagi svæðisins. Áður en frekari skipulags vinna á sér stað skal forsögnin send til skoðunar og umsagnar sveitarstjórnar Skeiða- og Gnúpverjahrepps.

Eftir að forsögn að deiliskipulagi svæðisins hefur verið samþykkt lýsir Rauðakambur ehf. því yfir að félagið muni láta vinna tillögu að breytingu á deiliskipulagi sveitarfélagsins í samræmi við samþykkt skipulagsforsögn. Lýsir sveitarfélagið því yfir að það muni eftir megni stuðla að því að skipulagsáform gangi eftir þannig að hægt verði að reisa baðsvæði, veitinga-, gisti- og ferðaþjónustu á svæðinu við Reykholt. Eru öll áform háð fyrirvara um málsmeðferð skipulagsáætlana samkvæmt skipulagslögum nr. 123/2010 og öðrum lögum sem málið varða.

Rauðikambur ehf. lýsir yfir vilja til að byggja upp á svæðinu ferðaþjónustu með baðaðstöðu og veitinga- og gistiþjónustu þar sem aðgengi almennings verði tryggt og þjónustan verði verðlögð með sanngjörnum hætti. Þá skuldbindur Rauðikambur sig til þess að leggja fram ítarleg rekstraráætlun um verkefnið.

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps lýsir yfir vilja til að gera lóðaleigusamning við Rauðakamb ehf. um lóð við Reykholt þegar samþykkt deiliskipulag liggur fyrir og ítarleg rekstraráætlun um verkefnið hefur verið lögð fram.

Aðilar gera sér grein fyrir að þar sem um þjóðlendur er að ræða þarf að afla samþykkis forsætisráðuneytisins áður en samningurinn tekur gildi. Þá þarf að semja við forsætisráðuneytið um nýtingu á heitu og köldu vatni á svæðinu.

Rauðikambur ehf. getur ekki framselt samkomulag þetta nema með skriflegu samþykki Skeiða- og Gnúpverjahrepps.

Ef tillaga að deiliskipulagi svæðisins liggur ekki fyrir þann 1. desember 2018 er Skeiða- og Gnúpverjahreppur ekki bundinn af því að halda samvinnunni áfram.

Skeiða- og Gnúpverjahreppi, \_\_\_\_ . júlí 2017.

---

f.h. Skeiða- og Gnúpverjahrepps

---

f.h. Rauðakambs ehf.